

Umsókn um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar

Ósk um flýtimeðferð og undanþágu frá starfsleyfi v. soak testing á tanki.

Upplýsingar um rekstraraðila:

Ábyrgðarmaður umsóknar: Dagný Ösp Helgadóttir

Sími ábyrgðarmanns: +354-649-6680

Netfang ábyrgðarmanns: dagny@eak.is

Nafn fyrirtækis: Eldsneytisbirgðastöðin EBK ehf.

Kennitala fyrirtækis: 460406-0210

Starfsstöð fyrirtækis: Fálkavellir 8

Póstnúmer og staður: 235, Keflavíkurflugvöllur

Sími fyrirtækis: 421:4431

Netfang fyrirtækis: mottaka@ebk.is

Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar: Dagný Ösp Helgadóttir

Sími tengiliðs*

Netfang tengiliðs*

Upplýsingar um atvinnurekstur: Móttaka og geymsla flugvélaeldsneytis JET A-1

Lýsing á umhverfi starfsstöðvar

Eldsneytisbirgðastöðin á Keflavíkurflugvelli, EBK ehf. er staðsett við Keflavíkurflugvöll, utan girðingar, að Fálkavöllum 8

Í EBK eru :

3 stk. Birgðatankar fyrir JET A-1, 1.100.000 ltr. hver;

1.stk Birgðatankur fyrir JET S-1, 3.800.000 ltr.

- 1 stk. Neðanjarðartankur fyrir JET A-1, 6200 ltr;
- 1. Stk neðanjarðartankur fyrir díselolíu, 9000 ltr.
- 1 stk. Ofanjarðartankur fyrir úrgangsolíu, 1100 ltr.
-

Starfsemin er rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, og 884/2017 um varnir gegn olímengun frá starfsemi í landi. Núverandi starfsleyfi er útgefið af HES. Nýtt starfsleyfi tekur tillit til nýs tanks (3.800.000 ltr., nýrrar olíuskilju og nýrrar þróar.

Bensín er ekki geymt í birgðastöðinni. Söfnun á úrgangsolíu er heimil.

Eldsneytisbirgðastöðin rekur olúskilju sem er af gerð I þar sem frárennsli skiljunnar er ekki leitt í fráveitukerfi heldur fer í púkk. Stærð skiljunnar miðar við að hólfr þróarinnar (hólf 1 og 2) eru með sitt hvorn lokann á frárennsli og að vatni er aðeins sé hleypt úr þrónni samkvæmt fyrirfram ákveðnu verklagi. Þannig er tryggt að ekki verði látið safnast mikið vatnsmagn í þró og að ekki verði hleypt úr báðum hólfum í einu.

Olúskilja er af gerðinni 44792 frá Borgarplasti.

Áfylliplan fyrir tankbíla tengist við olúskiljuna.

Í birgðastöðinni eru tvær byggingar, annars vegar dæluhús og hins vegar stöðvarhús með starfsmannaaðstöðu, verkstæði og rafmagnstöfluherbergi.

Við lausnir m.t.t. brunavarna hefur verið stuðst við Reglugerð um eldfima vökva, frá 18. apríl 1990 (reglugerð 188/1990).

Þró umhverfis birgðageyma

Stærð þróar er 110% af rýmd stærsta geymis. Miðað er við að samanlagt rými geyma í sömu þró verði undir 10.000m³ skv. reglugerð 884/2017.

Þrónni er skipt í tvö hólf, flatarmál eldra hólfs er 1847 m² og nýrra hólf er 1068 m², samtals 2915 m². Yfirfallsveggur er á milli hólfa.

Dæluhús

Dæluhús er steinsteypt og brúttó stærð 182 m². Dæluhúsið er útbúið með brunaviðvörðunarkerfi sem er tengt viðurkenndri vaktstöð. Fjarlægð frá geymi í dæluhús er u.þ.b. 9 metrar. Gerð er krafa um að þessi fjarlægð sé a.m.k. 6 metrar skv. reglugerð 188/1990.

Stöðvarhús

Stöðvarhús er steinsteypt og brúttó stærð 170 m². Fjarlægð frá húsinu í næsta geymi er um 30 m. Gerð er krafa um að þessi fjarlægð sé a.m.k. 6 metrar og því ljóst að fjarlægðarkrafa er uppfyllt.

Nokkuð vindasamt er á svæðinu og því litlar líkur á því að safnist sprengifim gufa í kringum tankana, ásamt því sem fjarlægð milli tanka er um 7 metrar og eru tankarnir staðsettir með þeim hætti að gufa safnast illa í kringum þá.

Næstu nágrannar eru starfsstöðvar á vegum Icelandair í 90 m. fjarlægð annars vegar og flugskýlið ITS í 210 m. fjarlægð. Enginn af nágrönnum er talinn ógn við starfsemi stöðvarinnar, enda svæðið afgirt og vaktað með myndavélum.

Lýsing á starfsemi

Olíubirgðastöðin tekur á móti flugvélaeldsneyti frá Helguvík, geymir það og afhendir það í gegnum neðanjarðarleiðslur sem liggja frá stöðinni að og undir flughlaði. Leiðslur stöðvarinnar eru þrýstiprófaðar skv. viðeigandi stöðlum. Við tilfærslu eldsneytisins frá Helguvík taka starfsmenn sýni við komu í stöðina, eftir að tilgreindum settíma er lokið í tönkum áður en eldsneytinu er dælt á flughlað og við afgreiðslu flugvéla við flugvélavæng. Geymslu og afgreiðslustaðir eldsneytisins, sem og dæluhús eru flokkaðir sem

sprengihættusvæði, með mismunandi áhættustigi HAC. Við þessum hættuaðstæðum er brugðist við með virkum forvörnum í formi búnaðar og staðlaðs verklags.



Engin framleiðsla á sér stað í stöðinni, eingöngu geymsla á eldsneyti.

Afrit af staðfestu deiliskipulagi: Fylgiskjal (*Staðhættir, Umhverfispættir og innra eftirlit EBK.*)

Lýsið staðháttum við vinnslustað: Fylgiskjal (*Staðhættir, Umhverfispættir og innra eftirlit EBK.*)

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna:

Engin framleiðsla er hjá EBK. Við geymslu eldsneytis er notað rafmagn til þess að knýja dælur og ljós. Heitt vatn er notað til upphitunar á ofnum inni í dæluhúsi. Vatn, rafmagn og heitt vatn er notað í starfsmannarými til þátta eins og upphitunar húsnæðis og eðlilegrar starfrækslu starfsmannarýmis.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar: Fylgiskjal (*Losun EBK*)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar: Starfsemin er talin falla undir umhverfismat Keflavíkurflugallar.

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið: Fylgiskjal (*Losun EBK*)

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið: Fylgiskjal (*Risk analysis new tank EBK, Áhættumat tankatölvukerfis nýs tanks, Stórslysavarnir EBK*)

Hverjar eru áætlaðar aðferðir til að fylgjast með losun út í umhverfið: Fylgiskjal (*Staðhættir, Umhverfispættir og innra eftirlit EBK.*)

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið: Fylgiskjal (*Staðhættir, Umhverfispættir og innra eftirlit EBK.*)

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs: EBK fylgir bestu þekktu aðferðum við rekstur og viðhald búnaðar. Starfsmenn hljóta viðamikla þjálfun í upphafi ráðningar og þekkingu er viðhaldið með síþjálfun. Þetta felur í sér að starfsemin er umhverfismeðvituð. Sá úrgangur sem fellur til er aðallega í formi olíublautra síuelementa og olíublautra tuska. Starfsmenn ganga um úrgang þannig að hann dreifist ekki á leið sinni í endurvinnslu.

Upplýsingar um endurnýtingu úrgangs: Sjá fylgiskjal (*Losun EBK*)

Lýsið tegund og magni spilliefna og hvernig þau verða meðhöndluð: Vísað er í fylgiskjal (*Losun EBK.*) Að auki má finna í litlu magni innan stöðvarinnar efni sem falla undir spilliefni utan þess sem lýst er í skjalinu, ss. Einstaka brúsi með málningu og þynni. Slíkar vörur eru geymdar í efna-og eldheldum skápum með þró í botninum. Spilliefnum er fargað hjá Kólku.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar: Aðferðirnar sem eru valdar eru þær sem kallast „best practices.“ Þær eru byggðar á áralangri reynslu á rekstri olíubirgðastöðva víða um heim. Umhverfisáhrif og afleidd áhrif eru höfð í hávegum, ásamt heilsu starfsmanna og gæðum vörunnar. Aðferðirnar eru því valdar með það til hliðsjónar að þær mengi ekki út frá sér.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?* (**Skýrsla um grunnástand (ef við á)** Þetta á ekki við, þar sem: a) starfsemin er þegar í gangi og erfitt að ætla að taka grunnástand á svæði þar sem flugumferð er þegar svo mikil. b) ekki er vænt losun af neinu tagi.

Skýrsla um grunnástand sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018 : Á ekki við.

Annað:

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni:

Fyrirhugað er að bæta 3.800.000 ltr. birgðatanki í starfsleyfi EBK. Starfsleyfi EBK telur í dag 3x 1.100.000 ltr. tanka sem geyma eingöngu JET A-1 þotueldsneyti. Tankurinn hefur þegar verið byggður og til þess að ljúka byggingarfasa þarf að fylla hann af eldsneyti til prófunar. Óskað er eftir undanþágu frá starfsleyfi á meðan sú prófun á sér stað.

Birgðastöðin tekur á móti eldsneyti frá Helguvík og geymir eldsneytið í tönkum þar til eldsneytinu er dælt í gegnum neðanjarðarlagnir á flughlað, þar sem afgreiðsluaðili tekur eldsneytið upp og afgreiðir á flugvélar.

Engin framleiðsla á sér stað í EBK, en eldsneytið er síað í gegnum síuelement til þess að losa frá eldsneytinu vatn og agnir. Reglulega er skipt um þessi element og eru þau nauðsynleg til starfrækingar stöðvarinnar.

Rekstur stöðvarinnar er háður afar ströngum skilyrðum, sem sett eru bæði héraendis í lögum og reglugerðum, en einnig alþjóðlega á vegum samtaka flugrekenda og afgreiðsluaðila flugvélaeldsneytis.

Þannig fer starfsemin amk. einu sinni á ári í gegnum ytri úttektir og telst starfsemin mjög góð skv. öllum úttektum. Við uppbyggingu gæða, öryggis, umhverfis, heilsu, og áhættustjórnunarkerfanna voru ISO staðlarnir 9001, 14001, 45001 og 31000 hafðir til hliðsjónar.

Starfsmenn EBK fara í gegnum stranga þjálfun í upphafi ráðningar og er þekkingu viðhaldið með síþjálfun á starfstímanum, gegnum tölvur, á staðnum og ytri námskeiðum.

Við byggingu nýs tanks, og þannig stækkun stöðvarinnar, voru höfð í huga atriði sem þekkt eru til þess að tryggja öryggi við rekstur stöðvarinnar. Þannig er tankurinn, líkt og tankarnir sem fyrir eru, með tvöfaldri yfiráfyllingarvörn, hann er í þró sem getur haldið 110% af magni hans (stærsti tankurinn) og olíuskilja sem stækkuð var vegna meira magns, er með rafrænni sívöktun á magni olíu.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri: Deiliskipulag

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar: Fylgiskjal (Áætlun vegna rekstrarstöðvunar)

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við lög nr. 33/2004: Fylgiskjal (Tryggingar-skjáskot)

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda: Fylgiskjal

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda: Fylgiskjal /.15-2-EAK-QMS-Viðbragðsáætlun v. bráðamengunar..

Viðbótargögn: Áhættumat vegna byggingar tanks, útgefið starfsleyfi með lýsingu á aðstæðum, bruna-og mengunarvarnir, stórslysaskýrsla 2019, gögn vegna olíuskilju, hæð tankaviðvörunarkerfis.

Yfirlýsing: Fylgiskjal (Yfirlýsing gæða-og öryggisstjóra)